

# STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 1

Símafundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ fimmtudaginn 6. janúar kl. 10:00. Hópurinn var kjörinn í framhaldi af samþykkt aðalfundar SSA 24. og 25. sept. 2010. Fundurinn hófst kl. 10:00. Í símasambandi voru eftirtalin, en þau voru hvert um sig tilnefnd frá sínu sveitarfélagi og var skipan hópsins staðfest á fundi stjórnar SSA 27. okt. 2010: (Varam. voru ekki tilnefndir).

Frá Djúpavogshreppi:	Gauti Jóhannesson
Frá Breiðdalshreppi:	Páll Baldursson
Frá Fjarðabyggð:	Jens Garðar Helgason
Frá Fljótshreppi:	Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Frá Fljótshéraði:	Stefán Bogi Sveinsson
Frá Seyðisfjarðarkaupstað:	Ólafur Hr. Sigurðsson
Frá Borgarfjarðarhreppi:	Jón Þórðarson
Frá Vopnafjarðarhreppi:	Bárður Jónasson

Einnig tók þátt í fundinum Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA.

## **Fundarefni:**

1. Verkaskipting:
  - a) Formaður
  - b) Varaformaður
  - c) Ritari.
2. Farið yfir samþykktina frá aðalfundi 25. sept. 2010 og þau gögn, sem þar er vitnað til.
3. Möguleg fjármögnun.
4. Aðferðafræðin hugleidd / stefnan mörkuð eftir atvikum.
5. Gagnaöflun. Farið yfir hvort og hvernig nýta skuli austfirzka sérþekkingu á staðháttum o.fl.
6. Möguleg tenging við verkefnið „SSA og stoðstofnanir“.
7. Tímasetning næsta fundar.
8. Önnur mál.

Bj. Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA setti fundinn og stýrði honum meðan liður 1 a) var afgreiddur.

1. Verkaskipting:
  - a) Formaður. Tillaga kom um að Ólafur Hr. Sigurðsson verði formaður hópsins. Hún borin upp og samþykkt með því að allir greiddu henni atkvæði, nema ÓHS. (Hér tók nýkjörinn formaður við fundarstjórn).
  - b) Varaformaður var samhljóða kjörinn Jón Þórðarson.
  - c) Ritari hópsins verður frkvstj. SSA.
2. Farið var yfir tilvitnaða samþykkt frá aðalfundi 24. og 25. sept. 2010 og þau gögn, sem þar er vitnað til.  
Samþykktin og umrædd gögn eru svohljóðandi:

### **Starfshópurinn „Austfirsk eining“**

44. aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. september 2010, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði sambandsins endurskipi í starfshóp SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins og skal hópurinn bera vinnuheitið „Austfirsk eining“. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu samhengi:

Starfshópurinn vinni að því að greina möguleika á frekara samstarfi allra sveitarfélaga á svæðinu um einstök verkefni.

Starfshópurinn skoði möguleika á verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga með það í huga að sveitarfélögin á Austurlandi leysi þau í sameiningu.

Starfshópurinn haldi áfram vinnu við að greina kosti og galla sameiningar Austurlands í eitt sveitarfélag. Vinnan byggir á tímamótasamþykkt 43. aðalfundar SSA og styðjist einnig við samþykkt stjórnar SSA frá 2. nóvember 2009 um áherslur sem þar koma fram.

**„Tímamótasamþykktin“ var svohljóðandi:**

43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009, samþykkir að fela stjórn SSA að skipa starfshóp sem hafi það meginverkefni að fjalla um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag.

Hópnum er falið eftirfarandi:

- að gera tillögur að stjórnkerfi nýs sameinaðs sveitarfélags
- að leita eftir samvinnu við ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála um mögulega sameiningu
- að kanna vilja ríkisvaldsins til sameiginlegrar stefnumörkunar um opinberar framkvæmdir og verkaskiptingu slíks sveitarfélags og ríkisvaldsins
- að fjalla um þau áhrif sem tilkoma hins nýja sveitarfélags hefði í för með sér fyrir austfirskt samfélag með sérstakri áherslu á þau tækifæri sem sköpuðust

Hér er um að ræða ótvírætt tímamótaverkefni, sem ekki á sér hliðstæðu á Íslandi. Því er mikilvægt að allir sem að því koma standi að því af metnaði og með vönduðum hætti .

**Samþykkt stjórnar SSA 2. nóv. 2009 var svohljóðandi:**

**Austurland eitt sveitarfélag : Undirbúningur. Starfshópur.** Tillaga samstarfsnefndar sem samþykkt var á 43. aðalf. SSA

43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009, samþykkir að fela stjórn SSA að skipa starfshóp sem hafi það meginverkefni að fjalla um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag.

Hópnum er falið eftirfarandi (sleppt hér þar sem það má sjá hér að ofan .....).

Framkvæmdastjóri sagði frá því að eftir viðtal hans og formanns við samgönguráðherra Kristján Möller á fjármálaráðstefnunni 1. okt. sl. þar sem þeir óskuðu eftir samstarfi við ráðherrann og ráðuneyti hans við verkefni samþykktarinnar fór hann til fundar við ráðherra og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóra í sveitarstjórnarráðuneytinu 14. okt. sl. Fór hann yfir fyrirbyggjandi Minnisblað Þ.J. frá 14. okt. 2009, þar sem fram kemur að ráðuneytið þakkar sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi fyrir tímamóta samþykkt og heitir stuðningi ráðuneytisins við verkefnið. Hermann er settur sem aðal-tengiliður ráðuneytisins en aðrir sem sátu fundinn voru Stefanía Traustadóttir sérfræðingur og Sigurður T. Björgvinsson ráðgjafi. Sótt hefur verið um framlag til verkefnisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Stefnt er á fund í ráðuneytinu nk. fimmtudag til að leggja frekari línur um samstarfið og í framhaldi af honum skipan starfshópsins.

Í umræðum stjórnarmanna kom fram að allnokkuð hafi borið á efasemdum heima fyrir varðandi verkefnið “Austurland eitt sveitarfélag”

Því er nauðsynlegt að rasa ekki um ráð fram , undirbúa og kynna verkefnið vel strax í upphafi til að loka-markmiðið náist. Eftirfarandi þarf að hafa í huga :

- A. Vegna sérstöðu verkefnisins og væntinga sem við það eru bundnar þarf að vanda mjög vel allan undirbúning og aðgerðaráætlun þarf að vera skýr og raunhæf. Verkefnið fái framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga ,sem tilraunaverkefni.
- B. Verkefnið verði “sjálfstætt verkefni” SSA og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins , en njóti stuðnings og samstarfs þar sem það á við t.d í 20/20 Sóknaráætlun landshluta.
- C. Kynna þarf vel verkefnið í upphafi ,þ.e. kosti –galla- markmið, leiðina og tímasetningar að lokamarkmiðinu. Eyða þeim misskilningi sem víða virðist vera uppi að verkefnið eigi að keyra í gegn með miklu hraði.
- D. Æskilega tímasetning lokamarkmiðs er 2014 og að jafnvel þurfi að taka tvo áfanga á leiðinni. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum til aðalfundar SSA sept. 2010. Vinna með tillögurnar og útfæra 2011-2012 ??

- E. Jákvæð aðkoma ríkisvaldsins að stefnumörkun t.d um opinberar framkvæmdir , verkaskiptingu og annan stuðning við verkefnið er lykilatriði.
- F. Sveitarfélögin 8 eigi öll fulltrúa í starfshópnum. Starfshópurinn skipi úr sínum röðum framkvæmdastjórn.
- G. Sveitarstjórnarmenn og aðrir sem að verkefninu koma þurfa að vera jákvæðir , trú á loka-markmiðið. Ekki tala verkefnið niður.

Ítarlegar umræður urðu um þennan dagskrárlið og hlutverk hópsins. M.a. kom fram:

**JP** kvaðst ekki yfir sig hrifinn af því sem gerzt hefur upp á síðkastið í austfirzku samstarfi. Hann taldi að menn væru um of bundnir á flokkspólítíska klafa og að áhrif SSA og Austurlands væri hverfandi lítil. hann taldi að menn ættu að setja sér skýr markmið og ákveða á hvern veg menn ættu að koma þeim á framfæri og tryggja úrvinnslu þeirra. M.ö.o. ættu menn að „stýra“ því hverjir færu inn á Alþingi fyrir kjördæmið og sjá til þess að „flokksapparötin“ hefðu sem minnst um það að segja. Hann minnti á að brýnustu hagsmunamál fjórðungsins væru samgöngumál, atvinnumál og að tryggja að herra hlutfall skatttekna rynni til verkefna hér eystra en nú væri. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaganna hefði verið jákvætt skref í þá veru.

**ÓHS** tók undir með JP og taldi að rödd Austfirðinga heyrðist minna en áður.

**VOH** benti á að nú mætti skynja skýran vilja hjá stjórnvöldum að styrkja landshlutasamtök sveitarfélaga.

**BJ** upplýsti að af einhverjum ástæðum hefði verið til staðar upp á síðkastið sterka andstaða við sameiningu Vopnafjarðar austur á bóginn. Hann taldi hins vegar að menn fyndu sér leiðir til að vinna saman að góðum málefnum og kvaðst líta jákvætt til starfsins í hópnum.

**SBS** tók undir með ýmsu sem kom fram hjá JP. Hann taldi hinar austfirzku einingar fremur smáar hverjar í sínu lagi. Hann minnti á lið eitt í samþykktinni um hlutverk hópsins og undirstrikaði að menn yrðu að horfa jafnt til allra þeirra þriggja þátta, sem kveðið er á um í samþykktinni. Hann varpaði því svo upp hvort ekki væri til skoðunar að svæðið í heild kæmi sér saman um heildstætt verkefni eins og með því að skipa eina sameiginlega barnaverndarnefnd.

**ÓHS** viðurkenndi að í fyrri hópnum („Austurland eitt sveitarfélag“) hefðu menn lagt meiri áherzlu á sameiningarþáttinn, en tók undir með SBS að horfa bæri jafnt til allra hinna skilgreindu 3ja þátta, sem kveðið væri á um í samþykkt seinasta aðalfundar SSA.

**GI** kvaðst sammála þeirri nauðsyn að mynda sterkari rödd að austan út í frá. Kveðið hefði á um nýjan tón á aðalfundinum á Breiðdalsvík og hún hefði skynjað sóknarfæri út frá þeim samhug, sem þar hefði ríkt. Hún taldi vænlegt til árangurs að „kortleggja“ verkefni og aðferðafræði og jafnframt að byggja á eldri sameiginlegum verkefnum, sem vel hefði tekizt til um, sbr. UÍA. Einnig nefndi hún hina nýju Mannvirkjastofnun og valkost, sem sveitarfélögin hefðu að koma á laggirnar sameiginlegri „Byggingastofnun“.

**JGH** sagðist taka undir margt, sem fram hefði komið hjá JP. Hann nefndi svonefnda Vesturlandsskýrslu og taldi rétt að láta gera vinna sambærilegt verk fyrir svæðið okkar með hugmyndum um útfærslur. Þær yrðu síðan sendar inn í sveitarstjórnirnar og menn sæktu sér þangað umboð til að vinna áfram að framgangi mála. Hvað varðaði samstarf og samvinnu tók hann undir að menn yrðu að horfa á atriði, sem við ættum sameiginleg og tryggja að svæðið / sveitarfélögin ættu öflugna málsvara á hinu háa Alþingi. Hann tók sérstaklega fram vantrú sína á verkefninu Sóknaráætlun 2020 og kvað það vera gott dæmi um orðagjálfur, án innihalds hjá stjórnámálamönnum.

**PB** kvaðst vilja nálgast málið með nýrri hugsun og þrýsta m.a. á að svæðið fengi aukin völd heim í hérað og samhliða auknar skatttekjur. Hann nefndi flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaganna sem dæmi um jákvæða þróun í þeim efnun. Hann minnti á nýlega könnun um „fjarvinnslu / fjarvinnslustöðvar“ á Austurlandi og taldi að ekki hefði komið á óvart, að ekki væri þar um auðugan garð að gresja.

**GJ** var samþykktur mörgu, sem fram hefði komið í umræðunni og bætti við að hann hefði upplifað hina nýju samþykkt, sem á að verða grundvöllur starfs vinnuhópsins, sem tækifæri að gera okkur meira gildandi. Hann taldi það skaða svæðið að menn virkuðu ekki út á við

sem sterk eining. Menn yrðu að marka sér stefnu og fylgja henni, en ekki lúta geðþótta-ákvörðunum eða stefnum, sem færu og kæmu oft með nýjum ráðherrum.

**VOH** minnti á að þó að hann væri ekki hlutlaus í málinu, væri hann þeirrar skoðunar að HSA og heilbrigðisgeirinn á Austurlandi hefði fengið hvað bezta útkomu, við endanlegan frágang fjárlaga fyrir 2011 og að t.d. hefði samstaðan hér eystra og sterk rödd sveitarstjórnarmanna, m.a. í gegnum SSA vegið þungt í því sambandi. Hann tók undir með margt af því sem aðrir höfðu til málanna lagt og m.a. með GI að unnið skyldi að því að færi fleiri sameiginleg verkefni undir sveitarfélög á svæðinu.

**JÞ** hnykkti á því í lokin að menn mættu ekki skauta fram hjá því sem máli skipti. Atvinnumálin skiptu mestu og nauðsynlegt væri að ná aukinni þjónustu inn á svæðið, þar sem ekki yrði um að ræða fjölgun starfa t.d. í landbúnaði og sjávarútvegi. Ekki væri þó allt fengið með fjöldanum og í því sambandi minnti hann undir lokin á spakmæli forvera síns í sæti framkvæmdastjóra Borgarfjarðarhrepps, Magnúsar í Höfn, sem kvað upp úr með það að „þeir, sem ekki gætu verið einir, væru í vondum félagsskap“. Í því ljósi væri spurning, hvort talsmenn SSA og sveitarstjórnarmenn yfir höfuð ættu ekki að setja á sjálfa sig ferðabann í svo sem eitt ár og hætta öllum „suðurgöngum“.

3. Möguleg fjármögnun.

Frkvstj. minnti á bréf til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem sent var um miðjan des. 2010 í framhaldi af viðræðum hans og form. SSA við forsvarsmenn sjóðsins. Gengið hefur á fjármagn það, sem upphaflega var afmarkað í fyrra verkefnið „Austurland, eitt sveitarfélag“. Skv. bráðabirgðauppgjöri, sem fyrir liggur, eru eftir í árslok 2009 óinnheimtar um 500 þús. kr. af þeim 4 millj. sem Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur til þessa afmarkað í verkefni, sem miða að því að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaga á svæðinu.

4. Aðferðafræðin hugleidd / stefnan mörkuð eftir atvikum.

Umræður um þennan dagskrárlíð fóru fram undir lið 2. Vísast því til samantektar hér að framan.

5. Gagnaöflun. Farið yfir hvort og hvernig nýta skuli austfirzka sérþekkingu á staðháttum o.fl. Engar ákvarðanir teknar. Vísað til frekari skoðunar á næsta fundi, en þó var lítið svo á að ÓHS og BGH hefðu heimild til að kanna hugsanlega aðkomu Þróunarfélags Austurlands að ákveðnum þáttum og/eða hvaða aðrir möguleikar væru á að nýta svæðis- og staðarþekkingu.

6. Möguleg tenging við verkefnið „SSA og stoðstofnanir“.

Form. og frkvstj. SSA kynntu stöðu mála við umrætt verkefni. BHG mun senda hópnum gögn, er fyrir liggja úr þeirri vinnu, frá því að hún hófst aftur í nóv. 2009.

7. Tímasetning næsta fundar.

Ákveðið var að halda næsta fund á Egilsstöðum föstud. 11. feb. 2011 kl. 13hundruð. Æskilegur fundarstaður er fundaherbergi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs. BHG mun kanna það, en ella útvega annan fundarstað.

8. Önnur mál.

Önnur mál engin

Fleira ekki fyrir tekið. Formaður þakkaði mönnum góðan fund og sleit honum um kl. 11:15.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari